



Fjölbrotaskóli Suðurlands

Heimspeki – Siðfræði & mannréttindi

HEIM2SM05

Kennsluáætlun – haustönn 2017

Kennari áfangans: Ragnheiður Eiríksdóttir

Áfangalýsing:

Áfanginn hefur það megin markmið að þjálfar nemendur í gagnrýninni hugsun og kynna þá fyrir mannréttindum og þeim siðfræðilega grundvelli sem þau byggja á. Mikilvægt er að samhengi sé í hugsuninni, að eitt leiði af öðru með rökum en skoðanir ekki bara gripnar úr lausu lofti. Að vera gagnrýnn, upplýstur borgari, geta greint fordóma, staðalímyndir og kunna skil á mannréttindum eru einnig mikilsverð markmið áfangans.

Í áfanganum eru þjálfuð vinnubrögð sem mikilvæg eru í framalsskólanámi, bæði í einstaklingsverkefnum og í hópum. Lögð er áhersla á að kynning verkefna verði með fjölbreyttum hætti og að nemendur fái leiðsögn og æfingu í að kynna verkefni sín.

Markmið áfangans:

Fræðsla um mannréttindi felst í því að auka **þekkingu** og skilning á mannréttindum. Að þátttakendur þekki sögu mannréttinda, mannréttindasáttmála, lagaumhverfi, þemu og kynni sér reynslusögur.

Fræðsla í þágu mannréttinda felst í því að efla **hæfni** fólks til að verja, vernda og krefjast mannréttinda. Að efla færni til að skipuleggja og virkja fólk til aðgerða í einstökum málum sem og þátttöku í herferðum fyrir mannréttindum.

Fræðsla með mannréttindum felst í því að hlúa að gildum og breyta **viðhorfum** fólks til frambúðar. Að virkja fólk til að sýna hegðun sem virðir mannréttindi í verki. Þetta er gert í gegnum samvinnunám og kennslufræðilega nálgun sem virðir réttindi fólks, eflir samkennd, samstöðu og lýðræði og stuðlar að réttlæti, sanngirni og reisu.

Kennslubækur og kennslugögn

- Bókin *Hugskot* eftir Friðbjörgu Ingimarsdóttur og Gunnar Hersvein.

VINNUÁÆTLUN

Vika	Dags.	Verkefnavinna
1	18. - 25. ágúst	Kynning á áfanga. Hópefli. Byrjunin.
2	28. ág. – 1. sept.	Byrjunin
3	4. – 8. sept.	Flokkanir
4	11. – 15. sept.	Flokkanir
5	18. – 22. sept.	Mannréttindi
	25. – 29. sept.	Mannréttindi
7	2. – 6. okt. Miðannarmat	Staðalímyndir
8	9. – 11. okt. Haustfrí fim.-fös. 12-13	Staðalímyndir
9	16. – 20. okt.	Fordómar
10	23. – 27. okt.	Fordómar
11	30. okt. – 3. nóv.	Jafnrétti
12	6. – 19. nóv.	Jafnrétti
13	13. – 17. nóv.	Friðarmenning
14	20. – 24. nóv.	Friðarmenning
15	27. nóv. – 1. des.	Borgaravitund
16	4. – 7. des.	Borgaravitund
17	8. – 15. des.	Lokapróf

Kröfur og verkefnaskil

- Í lok hvers kafla skipta nemendur með sér spurningum úr kaflanum til að svara. Þeim á að skila í safnmöppu á Moodle. Lokaprófið samanstendur svo af einhverjum af þessum spurningum.
- Verkefni sem krefjast sjálfstæðrar vinnu út frá efninu verða inn á milli, bæði einstaklings- og hópverkefni.
- Ef nemandi kemst ekki í kennslustund **ber hann sjálfur ábyrgð** á því að fylgjast með kröfum um heimanám og verkefnaskil.
- Allir nemendur eru skráðir í Moodle og þurfa því að hafa reglulegan aðgang að tölvu. Flestum verkefnum þarf að skila á Moodle.
- Símanotkun tengd náminu er leyfileg.

Námsmat:

- 40% Verkefni
- 20% Skil á svörum við kaflaspurningum
- 40% Lokapróf

Gert með fyrirvara um breytingar, FSu., október 2017

Ragnheiður Eiríksdóttir